

## Aðalfundur faghóps um rafræna opinbera þjónustu

Aðalfundur faghóps um rafræna opinbera þjónustu var haldinn fimmtudaginn 4. febrúar 2010 kl. 17.00 í húsakynnum Skýrslutæknifélagsins við Engjateig.

### Dagskrá:

#### 1. Kosning fundarstjóra og ritara fundarins

Bragi L. Hauksson var kosinn fundarstjóri og Guðfinna B. Kristjánsdóttir ritari fundarins.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Halla Björg Baldursdóttir, formaður hópsins dreifði skýrslu stjórnar en þar sem enginn almennur félagsmaður var mættur var ekki talin ástæða til að fara yfir efni hennar sem stjórnarmenn þekktu fyrir. Í skýrslunni kemur fram að á árinu 2009 lagði stjórnin megináherslu á að verða við óskum, sem fram komu á stofnfundi hópsins, um aukna fræðslu um rafræna opinbera þjónustu. Þetta hefur verið gert með ýmsum hætti. Faghópurinn stóð m.a. fyrir einni ráðstefnu í nóvember sem bar yfirskriftina Opinn hugbúnaður, eða ekki? Einnig hafa stjórnarmenn komið að framkvæmd margra annarra ráðstefna.

#### 3. Umræða um skýrslu stjórnar

Stjórnarmenn höfðu þegar rætt efni skýrslunnar og því fór ekki fram umræða á fundinum.

#### 4. Kosning stjórnar

Í fundarboði aðalfundar var óskað eftir því að þeir sem hefðu áhuga á að taka sæti í stjórn létu vita af sér. Enginn áhugasamur gaf sig fram. Stjórnin var því endurkjörin til eins árs.

Í stjórn hópsins sitja; Halla Björg Baldursdóttir, formaður, Bragi Leifur Hauksson, Eggert Ólafsson, Guðfinna B. Kristjánsdóttir og Örn S. Kaldalóns.

#### 5. Önnur mál

##### a) Hugmyndir um starfsemi hópsins 2010.

Lagt var til að skipulagður yrði vinnufundur þar sem fundarmönnum gæfist tækifæri til að vinna með niðurstöður könnunar á opinberum vefjum. Hugmyndinni var vel tekið og ákveðið að vinna að undirbúningi slíks fundar.

##### b) Annað.

Minnt var á [facebook síðu hópsins](#)

Rædd var hugmynd sem fram kom á fundi stjórnar með fyrirtækjaráði um að virkja tæknimenn sem vinna við hugbúnaðarþróun hjá hugbúnaðarhúsum íugarflæði.

Fundi slitið.